



Klamydía

Klamydía er sjúkdómur sem orsakast af bakteríu og smitast við samfarir um leggöng, við endaparmsmök og munnmök. Klamydía er algengari hjá ungu fólki, þeim sem skipta oft um kynlífsfélaga og meðal þeirra sem nota ekki smökk. Hægt er að smitast endurtekið af klamydíu, þrátt fyrir að hafa fengið meðferð áður og læknað. Klamydíusýking eykur líkur á öðrum alvarlegri sýkingum og því er lögð áhersla á að meðhöndla hana sem fyrst.

Einkenni klamydíu

Klamydía er oft einkennalaus. Ef einkenni koma fram þá geta karlar fengið sviða við þvaglát, glærgula útfærð úr þvagrás og eymsli í pung. Hjá konum getur komið fram breytt eða aukin útfærð, kviðverkir eða óþægindi um neðanverðan kvið, milliblaðingar, blæðing eftir kynlíf og óþægindi við þvaglát. Klamydía í hálsi eða endaparmi er oftast einkennalaus.

Greining

Ef grunur er um klamydíu er sýni tekið til staðfestingar. Konur skila stroksýni frá leggöngum og karlar þvagsýni. Eftir þörfum eru tekin stroksýni frá hálsi og endaparmi. Í flestum tilfellum tekur einstaklingur stroksýnið sjálfur en hægt er að fá aðstoð læknis eða hjúkrunarfræðings. Greiningarprófið er ónákvæmt ef það er blandað blóði og því má kona ekki vera á blæðingum þegar sýnið er tekið. Minnst ein klukkustund þarf að líða frá því pissað var síðast, þar til hægt er að taka þvagsýni. Einungis á að skila 10-20 millilítrum úr fyrstu þvagbunu.

Einstaklingi sem greinist með klamydíu er fylgt eftir af lækni og hjúkrunarfræðingi á göngu-deild húð- og kynsjúkdóma með rafrænum skilaboðum í Heilsuveru og með símtali.

Smitrakning kynlífsfélaga síðasta árs

Klamydía er tilkynningaskyldur sjúkdómur og samkvæmt lögum þarf að rekja smitleiðir til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins. Sá sem greinist með klamydíu þarf að gefa upp auðkennandi upplýsingar um þá sem hann hefur stundað kynlíf með síðustu 12 mánuði vegna þess að þeir gætu líka verið smitaðir. Upplýsingar vegna smittrakningar eru ekki hluti af sjúkaskrá og er þeim eytt að rakningu lokinni.

Leiðbeiningar um smitrakningu eru aðgengilegar á heimasíðu göngudeildar húð- og kynsjúkdóma.

Þegar smittrakningarblað hefur borist til göngudeildar húð- og kynsjúkdóma eða á netfangið kyn@landspitali.is sendir læknir, samdægurs eða næsta virka dag, upplýsingar í Heilsuveru um væntanlega lyfjagjöf. Mikilvægt er að kynna sér þessar upplýsingar vel áður en lyfjameðferð hefst.

Meðferð

Klamydía er meðhöndluð með sýklalyfinu doxycycline. Tekin er ein tafla tvisvar á dag í sjö daga. Ekki má taka doxycycline ef kona er þunguð eða samhliða meðferð með bólulyfinu isotretinoin. Þá eru notuð önnur lyf. Hafa þarf í huga að doxycycline getur gert húðina viðkvæmari fyrir sólarljósi og því þarf að forðast sólböð og ljósabekki í þrjár vikur frá lokadegi meðferðar.

Vegna smithættu má ekki stunda kynlíf fyrr en þremur dögum eftir að meðferð lýkur og einkenni eru horfin.

Greining og meðferð er einstaklingi að kostnaðarlausu.

Eftirlit eftir meðferð

Yfirleitt er ekki þörf á endurkomutíma. Í eftirfarandi tilfellum er þó nauðsynlegt að koma í endurkomu á göngudeild húð- og kynsjúkdóma:

- Ef einkenni ganga ekki yfir á tveimur vikum.
- Ef lyfin hafa ekki verið tekin rétt.
- Við þungun.
- Í vissum tilfellum ef klamydía greinist í endaparmi en til eru sjaldgæfari afbrigði klamydíu sem geta valdið meiri sýkingu.
- Ef slæmir fylgikvillar hafa komið fram.

Aðferð til að minnka hættu á smiti

Notkun smokks við kynlíf dregur verulega úr hættu á smiti.

Hafa samband

Hægt er að panta símtal við hjúkrunarfræðing á göngudeild húð- og kynsjúkdóma í síma 543 6050. Símatími er alla virka daga klukkan 8:15-15:00. Hjúkrunarfræðingur hringir oftast samdægurs eða næsta virka dag.